

## Höfuðstöðin,

Brahmarandra, Þúsund-blaða-lótusinn.

Kirtill eða efnisbirting: Heilaköngull.

Heilaköngullinn er virkur í frumbersku þar til lífsviljinn er nægilega sterkur til að persónan sé fasttengd í efnislegri birtingu.

Orka: Andlegur vilji, samfjöllun, drifkraftur - frá mónadinum, eðlisþáttur viljans.

Verður virk eftir 3. Vígslu.

Hún er Shamballa stöðin í efnislíkamanum og er fulltrúi Föðurins eða Hins fyrsta guðlega eðlisþáttar.

Hún nemur "tilgang", og eðliseiginleiki hennar er máttur.

Hún er líffæri samfjöllunar, í henni eru samsvaranir fyrir allar hinar meginorkustöðvar mannsins. T.d. hjartastöðin í höfuðstöðinni.

Eftir þriðju vígslu samfjallar hún í sér allar orkutegundir hinna þriggja eðlisþátta lífsbirtingarinnar.

Samfjölluð orka höfuðstöðvarinnar er ægifögur og hefur viðtæka geislun og gríðarlegan áhrifamátt. Hún þjónar þeim tilgangi að koma vígsluhafanum í samband við Shamballa og við Lávarð heimsins - hinn hinna vígjanda - með sérstakri milligöngu Búddha og eins hinna þriggja Búddha athafnaorkunnar. Búddharnir tengja hann einnig við kærleikspátt guðdómsins,

og þar með við Helgivaldið, ásamt því að tengja hann við þriðja eðlisþáttinn - virka vitsmuni.

## **Ennisstöðin**

Kirtill eða efnisbirting: Heiladingull.

Hún birtir persónuleikann, heilsteyptan og virkan sem lærisveinn og síðan vígsluhafi. Hún er hin eiginlega persóna eða gríma.

Hún nær fullri virkni um það leyti sem þriðja vígslan er tekin. Hún miðlar orku þriðja eðlisþáttarins - orku virkra vitsmuna.

Ennisstöðin miðlar tilgangi eða ætlun til sköpunar, hún geymir hugmyndina að baki hinu skapandi starfi. Hún tjáir ímyndunarafl og þrá í æðstu mynd sinni, sem er frumhvöt allrar sköpunar.

Hún er líffæri hugsjóna og tengist sjötta geislanum. Sjötti geislinn tengist á sérstakan hátt þriðja og öðrum geislanum. Hún blandar, festir og tjáir. Hún blandar saman skapandi orku hálsstöðvarinnar og göfgaðri þrá, eða hinum sanna kærleika hjartans.

Hún hefur tvö krónublöð sem vísa eins og vængir sitt til hvorrar áttar. Þau eru samsett af 96 minni blöðum eða orkueindum.

Ennisstöðin tengir andlegu þrenndina og persónuleikann, höfuðstöðin tengir mónadinn og persónuleikann.

Hin þrjú "augu" mannsins eru:  
Þriðja augað - höfuðstöðin, vilji, auga  
Föðurins, mónadinn.  
Hægra augað - ennisstöðin, kærleikur, auga  
Sonarins, sálin.  
Vinstra augað - hálsstöðin, virkir vitsmunir,  
auga Móðurinnar, persónuleikinn.

## **Hálsstöðin**

Kirtill eða efnisbirting: Skjaldkirtillinn.

Hún er kraftmikil og virk hjá mannkyninu  
almennt.

Hálsstöðin tengist fyrstu vígslunni og nær  
mikilli virkni við þann áfanga.

Hún er líffæri fyrir skapandi orku þriðja  
eðlisþáttarins.

Í byrjun er miðstöð skapandi starfs í  
kynorkustöðinni, síðan tekur hálsstöðin við  
þessu hlutverki og að lokum ennisstöðin.

Bygging antahkarana verður ekki möguleg fyrr en  
skapandi líf leitandans flyst frá  
kynorkustöðinni upp í hálsstöðina.  
Ennisstöðin byrjar ekki skapandi starf fyrr en  
antahkarana hefur verið byggð.

Vitsmunaeðlisþáttur mannkynsins tengist þessari  
stöð á skapandi hátt. Mannkynið myndar  
hálsstöð plánetunnar.

Hálsstöðin er líffæri hins skapandi ORÐS. Hún nemur hinn skapandi tilgang sálarinnar með orkuinnstreymi frá ennisstöðinni.

Hálsstöðin er tákni fyrir hið mikla þrieðli hins raunbirta Guðs, á sama hátt og í höfðinu birtist tvieðlið, samþætt og blandað.

Þrjár voldugar orkutegundir taka þátt í guðlegu sköpunarstarfi og sameinast í fullri tjáningu orkunnar sem streymir um hálsstöðina, talfærin og lungun tvö:

Líf eða andardráttur, Orðið eða sálin, og hálsstöðin, stöð hins virka efnis.

## **Hjartastöðin**

Kirtill eða efnisbirting: Hóstarkirtillinn.

Hjartastöðin verður virk eftir aðra vitundarvígsluna, sem er til marks um lokaáfangann í því starfi að koma tilfinningunum undir stjórn sálarinnar.

Hún er líffærið sem miðlar orku Helgivaldsins inn í hjartastöð allra leitanda, lærisveina og vígsluhafa, og veldur með því siðbót mannkynsins með mætti kærleikans og nánnum tengslum Helgivaldsins og mannkynsins.

Hjartastöðin og persónuleikinn tengjast náið þegar maðurinn er að vinna að samstillingu við sálina.

Hjartastöðin er fulltrúi fyrir orku sálarinnar og sú stöð sem Helgivaldið nýtir í starfi sínu.

Hjartastöðin nemur og tekur við orku kærleikans.

Hún er líffærið fyrir orkugerðina sem leiðir til samkenndar. Hún er líffæri samruna á sama hátt og höfuðstöðin er líffæri samfjöllunar.

Hjartastöðin verður virk þegar neminn fer að tengjast sál sinni æ sterkari böndum, þá gerist tvennt:

Hann fær inngöngu í ashram (heildisskóla) eins meistaranna.

Hann tengist mannkyninu náíð í þjónustu og er knúinn til starfa af vaxandi ábyrgðartilfinningu sem vakin er af virkni hjartans.

Hann verður um síðir hjarta heildis eða samtaka. Með starfi sínu gerir hann eðlisþátt kærleikans virkan í heimunum þrem, og kærleikurinn verður rótfastur á jörðinni og kemur í stað tilfinninga, langana og hinna efnislegu þátta tilfinningalífsins.

## **Sólarplexus**

Kirtill eða efnisbirting: Briskirtillinn og maginn.

Hún er miðdepill í lífi persónuleikans hjá öllu mannkyni sem er stutt fyrir neðan braut reynslunemans á þróunarbrautinni.

Hún er starfstæki fyrir tilfinningaorku og líffæri löngunar. Stjórnun á þessari stöð er lífsnauðsynleg fyrir leitandann, hann verður að ummynda löngun í andlega viðleitni.

Sólarplexus-stöðin náði fullri virkni á Atlantistímanum.

Hún er hin mikla vinnslu- og hreinsistöð fyrir allar orkutegundir neðan þindar.

Hún tekur við öllum svörunum tilfinninga og öllu innstreymi langana og hvata.

Hún er sú stöð sem flestir miðlar og skyggnt fólk notar. Síðar á þróunarbrautinni þróast skyggniháfa í beina skynjun, sem er eiginleiki ennisstöðvarinnar.

Sólarplexus-stöðin hefur mikil truflandi áhrif á öll líffæri neðan þindar, vegna hins mikla óreiðuástands sem þar er ríkjandi hjá flestum.

Hún er samfjöllunarstöð fyrir meðalþróaða persónuleikakrafta og safnar saman orkutegundunum og býr þær til flutnings til æðri stöðvanna.

Orku sólarplexus-stöðvar er beint til hjarta-stöðvar.

Orku kynorkustöðvar er beint til hálsstöðvar.

Orku mænurótarstöðvar er beint til höfuðstöðvar.

Orkustöðvar neðan þindar tengjast ekki vitundarvígslum.

## **Kynorkustöðin**

Kirtill eða efnisbirting: Kynfærin.

Þessi stöð verður að vera sívirk allt þar til tveir þriðju hlutar mannkyns hafa tekið vitundarvígslu.

Þegar hún kemst undir stjórn verður starfsemi hennar vitræn og byggð á þekkingu, innsæi og fíngerðari æðri tengslum, en ekki á óhaminni löngun eins og nú er raunin.

Lausn á táknmáli kynorkustöðvarinnar verður að gerast með hugrænu starfi út frá tilgangi en ekki löngun.

Hún birtir orku þriðja eðlisþáttar guðdómsins, á sama hátt og sólarplexus-stöðin birtir orku annars eðlisþáttarins og rótarstöðin tjáir orku fyrsta eðlisþáttarins.

Orkustöðin náði fullri virkni á tímum Lemúríu hinni fornu. Orka hennar er orka Heilags Anda sem yfirskyggir óflekkað efni.

Efnisbirting hennar eru æxlunarfæri mannsins. Þau eru að grunni til eining, en eru nú um tíma aðskilin í tvískiptri birtingu mannsins. Aðskilnaðurinn elur máttuga hvöt til sameiningar, fyrst og fremst líkamlegrar sameiningar. Að baki liggur andleg hvöt sem er hið meðfædda en mjög svo misskilda lögmál launspekinnar, það er þörfin til sameiningar við guðdóminn. Hugmyndin um kynhvötina hefur verið brengluð og afbökkuð, og andleg þörf niðurlægð í efnislega löngun.

Kynorkustöðin tengist ennisstöðinni og þær skapa til samans hið óljósa eðli sem við nefnum persónuleika.

## **Mænurótarstöðin**

Í þessari stöð mætast andi og efni, og þar er efnið "María Mey," undir áhrifum frá Heilögum anda, orku etherlíkamans, hafið upp "til himna," eins og það er orðað í kristni, og "situr hjá Syni sínum í húsi Föðurins."

Þessi stöð er tiltölulega óvirk nú á tímum, og hún verður aðeins vakin til virkni með viljaathöfn undir stjórn vígsluhafans. Hún bregst aðeins við eðlispætti viljans, og það er viljinn til að vera í holdgun sem ræður nú lífi hennar og hann nærir og stjórnar lífsfrumtakinu í efni og formi.

Eðlispáttur lífsins hefur aðsetur sitt í hjartanu, en eðlispáttur lífsviljans (viljans-til-að-vera) hefur aðsetur í mænurótinni.

Eldur grunnstöðvarinnar nefnist Kúndalíni. Margt fánýtt og hættulegt hefur verið um hann rætt, en dulfræðingur í þjálfun skiptir sér ekkert af honum.

Mikil hætta felst í ótímabærri örvun grunnstöðvarinnar. Sagt er að kúndalíni-eldinum verði "að lyfta" og þegar honum hefur verið lyft munu allar orkustöðvarnar upp með hryggnum verða virkar og rásirnar hreinsast. Þetta er hættulegur umsnúningur staðreynda. Kúndalíni verður lyft til himna, þegar allar orku-



stöðvarnar eru vaknaðar og rásirnar hafa hreinsast af öllum hindrunum.

Hindranirnar á leið eldsins hreinsast á eðli-  
legan hátt með hreinu líferni, eftir því sem  
tilfinningalífið kemst undir stjórn og hinn  
andlegi vilji þroskast.

Í hryggnum býr þrefaldur þráður, sem er ytri  
birting antahkarana, og er samsettur úr hinni  
eiginlegu antahkarana, sútratma (lífþræðinum)  
og hinum skapandi þræði.